

Félag Landnema á Fellsmörk

25. maí 2007

Gleðilegt sumar ágætu landnemar á Fellsmörk!

Sameiginleg gróðursetning verður laugardaginn 23. júní n.k.

Mæting við bústað Auðuns og Helgu að Keldudal nr. 2, kl. 13.00 – stundvíslega.

Fyrirhugað er að gróðursetja u.þ.b. 3.000 plöntur frá Landgræðsluskógunum í sameiginleg svæði og deila út um 9.000 plöntum á landnemaspildur þegar sameiginlegri gróðursetningu lýkur.

Landgræðsla ríkisins hefur látið í té grasfræ og áburð fyrir tré og gras. Að þessu sinni er fyrirhugað að búið verði að koma áburði og fræi fyrir á tilteknum stöðum á Fellsmörk, þannig að landnemar geti á eigin spýtur síðar í sumar, séð um dreifinguna. Þ.e.a.s. ekki verður um dreifingu að ræða á plöntudaginn heldur mun allur hópurinn einbeita sér að gróðursetningu. Á gróðursetningardaginn verður upplýst hvar áburði og fræi hefur verið komi fyrir.

Áður en verk hefst verður farið yfir það sem gera á – því er mikilvægt að þátttakendur mæti stundvíslega.

Þeir sem ekki hafa tök á að mæta þennan dag og vilja tryggja sér plöntur til að gróðursetja síðar, verða að hafa samband við undirbúningshópinn.

Mælst er til þess að plöntuskammtar séu teknir þennan dag.

Að þessu sinni verða plöntur geymdar og afhentar á lóð nr. 2 við Keldudal (Auðunn og Helga)

Plöntur skal skrá í möppu sem staðsett verður við afhendingarstað þar sem nánari upplýsingar munu liggja fyrir um plöntuskammt.

Eftir 1. júlí er öllum landnemum frjálst að gróðursetja ósóttar plöntur.

Svo lengi sem birgðir endast er landnemum frjálst að sækja sér áburð sem komið hefur verið fyrir á tilteknum stöðum, sbr. hér að ofan.

Að kvöldi laugardagsins 23. júní er boðað til fagnaðar hjá Hjalta og Júlíu að Króki nr. 8 ef sæmilega viðrar. Hafið með ykkur mat og drykk og annað sem þarf til mannfagnaðar og grillveislu af þessu tagi (grill + pappadiskar + mál + hnífapör)

Landnemar eru minntir á að skila tónum plöntubökkum að Keldudal nr. 2. Áhöldum, sem fengin hafa verið að láni hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, þarf að skila strax eftir sameiginlega gróðursetningu þ. 23. júní á sama stað.

Hittumst heil á Fellsmörk – Skógarkveðjur!

Undirbúningshópurinn

Hjalti Elíasson
Júlía Andersen
sími 553 6753
farsímar 852 7424 /
892 6653
hjaltie@mi.is
julia@ask.is

Hannes Siggason
sími 564 1573
farsími 896 4089
hannes.siggason@or.is
hannessi@gmail.com

Tryggvi Felixson
sími 564 1456
tfe@norden.org